

Eftirlit með móttökuaðstöðu fyrir úrgang og farmleifar 2016

Reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum (reglugerð nr. 1200/2014) tók gildi í desember árið 2014. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að haft sé eftirlit með móttökuaðstöðu fyrir úrgang og farmleifar frá skipum í öllum höfnum landsins, á fimm ára fresti. Umhverfisstofnun skal fyrir 1. maí ár hvert gefa út skýrslu um niðurstöður eftirlits fyrir undangengið ár og birta á vefsetri sínu.

Tafla 1: Heimsóttar hafnir árið 2016 og fjöldi frávíka

Höfn	Flokkur	Fjöldi frávíka
Borgarfjarðarhöfn (Borgarfjörður eystri)	3	2
Breiðdalsvíkurhöfn	3	3
Djúpavogshöfn	2	5
Eskifjarðarhöfn	2	2
Reyðarfjarðarhöfn	1	2
Fáskrúðsfjarðarhöfn	1	1
Stöðvarfjarðarhöfn	3	1
Mjóafjarðarhöfn	3	0
Norðfjarðarhöfn	2	3
Grindavíkurhöfn	1	4
Höfn í Hornafirði	1	3
Keflavíkurhöfn	2	1
Njarðvíkurhöfn	2	1
Helguvíkurhöfn	1	1
Smábátahöfn í Gróf	3	1
Viðlegukantur í höfnum	3	1
Sandgerðishöfn	3	1
Seyðisfjarðarhöfn	1	5
Vestmannaeyjarhöfn	1	4
Vogahöfn	3	2
Samtals	20 hafnir	43 frávík

Í þeim tilvikum þar sem um hafnarsamlag eða margar hafnir í sama sveitarfélagi er að ræða, þá getur verið um sama/sömu frávík að ræða sem löguð eru í einni aðgerð.

Tafla 2: Fjöldi eftirlita og frávíka árið 2016 eftir flokkum hafna.

Stærðarflokkur	Fjöldi eftirlita	Frávík
Eitt	7	20
Tvö	5	12
Þrjú	8	11
Samtals	20	43

Ef frávík eru í eftirliti eru gerðar athugasemdir og farið fram á að úrbætur verði gerðar eða tiltekin höfn getur sent inn úrbótaáætlun, þar sem kemur fram til hvaða ráðstafana er gripið til að bæta úr í samræmi við athugasemdir og hvenær þeim aðgerðum á að vera lokið.

Umhverfisstofnun fer yfir úrbótaáætlanir þegar þær berast og samþykkir þær ef tilefni er til. Ef höfn hvorki sendir úrbótaáætlun né gerir þær úrbætur sem farið er fram á getur stofnunin gripið til úrræða sbr. 14. gr. reglugerðarinnar sbr. V. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hafnir með frávík hafa allar, skilað inn úrbótaáætlun eða gert þær úrbætur sem farið fram á.